

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „7.103“ í 2. másl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 7.534.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2009 vegna tekna ársins 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 431 kr. eða um 6,1% og nemi 7.534 kr. á hvern gjaldanda í stað 7.103 kr. samkvæmt gildandi lögum. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga á tímabilinu desember 2006 til desember 2007. Byggingarvísitalan hækkaði á þessu tímabili um 6,1%.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að breyting verði gerð á fjárhæð í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 sem felur í sér að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði 7.534 kr. á hvern gjaldenda í stað 7.103 kr. Gjaldið kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga á hverju ári en sjóðurinn fær tekjur af gjaldinu sem skattstjórar leggja á skattskylda aðila á aldrinum 16–70 ára samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Gert er ráð fyrir að frumvarpið komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2009 vegna tekna ársins 2008. Hækkunin miðast við breytingu á byggingarvísitölu á tímabilinu desember 2006 til desember 2007 sem nemur 6,1%. Fjöldi gjaldenda á árinu 2009 er áætlaður 185.133. Áætlað er að tekjur

Framkvæmdarsjóðs aldraðra hækki frá árinu 2008 um 91,6 m.kr. á greiðslugrunni en í fjárlögum 2009 eru heildartekjur sjóðsins alls 1.368,1 m.kr. Hækkunin á gjaldinu er í samræmi við þær forsendur sem gengið var út frá í fjárlögum 2009.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.